

Alþingi
Erindi nr. 127/1908
komudagur 10.4.2002

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

JG/jg

Menntamálanefnd Alþingis
150 Reykjavík
nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 15. apríl 2002

Umsögn um frumvarp um Tækniháskóla

ReykjavíkurAkademían hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands. Félagið gerir ekki sérstakar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins en fagnar megintilgangi þess að um gera háskólann sjálfstæðari og laga skipulag hans og starfsemi að almennum lögum um háskóla.

Um leið og stofnuninni eru sett almenn markmið, sem e.t.v. mættu vera skýrari og ítarlegri heldur en birtast í 1. gr. frumvarpsins, er mikilvægt að stjórnendur og stjórn háskólans fái svigrúm til að þróa leiðir að þessum markmiðum eins og þeir telja árangursríkast á hverjum tíma. Mat á skólastarfinu þarf að geta byggst á rannsókn á því hversu vel skólinn hefur náð markmiðum sínum.

M.t.t. stöðu og hlutverks Tækniháskólans er stofnuninni sérstaklega nauðsynlegt að ná árangursríku samstarfi við ýmsa aðila, fyrirtæki og stofnanir, líkt og getið er um í 14. gr. Mætti athuga hvort ekki væri hægt að styrkja þessa frumvarpsgrein enn frekar, m.a. með því að Tækniháskólinn hefði möguleika á að tengjast slíkum aðilum sterkum böndum í gegnum stjórnskipulag háskólans.

Virðinagrýllst,
f.h. ReykjavíkurAkademíunnar

Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri